



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Heilbrigðisráðuneytið
skrifstofa heilsueflingar og vísinda
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 7. júlí 2020
2006003SA TP
Málalýkill: 00.64

Efni: Drög reglugerðar um neyslurými

Vísað er til máls nr. 112/2020, á samráðsgátt stjórnvalda, þar sem drög að reglugerð um neyslurými eru lögð fram til kynningar og umsagnar. Vegna anna tókst ekki að ljúka umsögn sambandsins fyrir tilsettan tíma og er beðist velvirðingar á því.

Almennt

Nýsamþykkt lög um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni heimila sveitarfélögum að stofna og reka neyslurými. Samkvæmt lögumum ber ráðherra að setja reglugerð um neyslurými þar sem skal meðal annars kveðið á um stofnun, rekstur og þjónustu í neyslurými.

Meginefni fyrirhugaðrar reglugerðar snýr að starfsemi sem fram fer í neyslurýmum eða í tengslum við slík rými. Fram kemur að Embætti landlæknis veiti sveitarfélagi leyfi til þess að stofna og reka neyslurými. Tiltekið er hvaða þjónusta skuli vera í boði og hvernig aðstaða skuli vera úr garði gerð.

Í reglugerðardrögum er einnig fjallað um mönnun og að veita skuli notendum upplýsingar um heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu sem þeim stendur til boða.

Lagastoð fyrir reglugerðinni

Áformuð reglugerð sækir stoð sína til lagabreytingar sem Alþingi gerði þann 20. maí sl. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra breytinga er vísað til skýrslu heilbrigðisráðherra um skaðaminnkun (þingskjal 1595 á 846. máli 145. lþ.) og þeirrar niðurstöðu „að líta ætti á vanda neytenda ávana- og fíkniefna í íslensku samfélagi sem heilbrigðisvandamál fremur en viðfangsefni lögreglu og refsivörslukerfisins, að neytendur í vanda væru fyrst og fremst sjúklingar en ekki afbrotamenn.“

Telja verður að hliðstæð greining hefði þurft að fara fram á samspili heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu áður en lagastoð var sett inn fyrir reglugerð sem gengur út frá því að sveitarfélög beri ábyrgð á rekstri og starfsemi neyslurýma. Sambandið leggur megináherslu á að þeir sem glíma við mikinn neysluvanda eru „fyrst og fremst sjúklingar“ en hafa einnig brýna þörf fyrir félagslega aðstoð og stuðning. Minnt er á að meginreglur íslenskra laga eru alveg skýrar um að ábyrgð á heilbrigðisþjónustu liggja hjá ríkinu en ekki sveitarfélögum. Þau sveitarfélög sem sendu inn umsagnir um málið til þingsins kölluðu öll eftir því að forræði neyslurýma yrði hjá heilbrigðiskerfinu en í náinni samvinnu við sveitarfélögin.

Viðbúið er að margvísleg álitæfni komi upp í neyslurými sem rekið er án þess að greining af þessu tagi hafi farið fram. Teljast notendur vera sjúklingar í skilningi laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga? Taka lög nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, til líkamlegs eða geðræns tjóns sem verður í neyslurými? Geta starfsmenn

sveitarfélags í neyslurými, sbr. IV. kafla áformaðrar reglugerðar orðið bótaskyldir gagnvart notendum vegna tjónstílvika sem eiga sér stað í neyslurými? Hvað merkir í því sambandi að neyslurými teljist „lagalega verndað umhverfi“ sbr. 3. gr. áformaðrar reglugerðar?

Nýtt grátt svæði í uppsiglingu?

Sambandið telur það áhyggjuefni að óskýrt fyrirvar fyrir þeirri starfsemi sem ráðgerð er í neyslurýmum kunni að leiða til þess að nýtt grátt svæði verði til í samskiptum milli ríkis og sveitarfélaga.

Við meðferð fyrrgreinds frumvarps á Alþingi kom fram að gert hefði verið ráð fyrir 50 millj. kr. framlagi frá heilbrigðisráðuneytinu til að koma „úrræðinu“ á fót. Fyrir liggur að þar er vísað til stöðunnar gagnvart Reykjavíkurborg enda kom fram í nefndarálitni meirihluta velferðarnefndar að þar sem heilbrigðisráðuneytið hefði þegar ákveðið að leggja til fjárframlag verði að telja „að með því sé í reynd fallist á að verkefnið falli a.m.k. að hluta til undir heilbrigðisþjónustu. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að gerður verði samningur milli viðkomandi sveitarfélags [þ.e. Reykjavíkurborgar] og ráðuneytisins um kostnaðarskiptingu vegna úrræðisins og þeirrar þjónustu sem boðið verði upp á í tengslum við úrræðið.“

Þótt líklegt megi telja að samningaviðræður heilbrigðisráðuneytis og Reykjavíkurborgar leiði til niðurstöðu er hitt óútkljáð hvernig önnur sveitarfélög eigi að bera sig að komi fram þrýstingur um að þau taki til við að starfrækja slík rými.

Þá skal ennfremur minnt á að sveitarfélögin hafa ekki góða reynslu af því að verkefni með fremur óskýrri sameiginlegri ábyrgð séu fjármöggnuð með skúffupeningum eða í gegnum tímabundin tilraunaverkefni. Fjöldmörg dæmi eru um að fjárveitingar ríkisins þverri á tiltölulega fáum árum en sveitarfélög sitji þá eftir með verkefni og ábyrgð á því að mæta væntingum notenda um þjónustu.


Samantekt

Tekið skal fram að sambandið tekur heilshugar undir nauðsyn þess að þróa áfram skaðaminnkandi aðferðir í opinberri velferðarþjónustu. Starfsemi neyslurýma er mikilvægur þáttur í þeirri nálgun. Skýrt þarf hins vegar að vera, og mun ákveðnara en skv. fyrirbyggjandi reglugerð, hver ber ábyrgð á þeirri fjölbættu starfsemi sem fram fer í tengslum við neyslurými.

Af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar fer sambandið fram á að fyrirmælum um endurskoðun verði bætt við gildistökuákvæði 18. gr. og tiltekið að fara eigi yfir framkvæmdina innan 2-3 ára frá gildistöku reglugerðarinnar.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs